

AUGLÝSING

um samning milli Íslands og alþjóðaflugmálastofnunarinnar
varðandi flugþjónustu.

90

20. maí

Hinn 16. september 1948 var í Montreal undirritaður samningur milli Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugþjónustu á Íslandi. Samkvæmt samningi þessum ber Íslandi að láta í té tiltekna flugþjónustu vegna millilandaflugs, en kostnaðurinn greiðist af Íslandi, Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Canada, Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Noregi og Svíþjóð.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 20. maí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946 um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942,
um kosningar til Alþingis.

91

21. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér að nauðsyn sé á, að lögum um kosningar til Alþingis verði breytt á þann hátt, að íslenskum kjörræðismönnum Íslands erlendis verði heimilað að vera kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Með því að ég fellst á að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út svo hljóðandi bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1949, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis:

1. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismenn Íslands erlendis“ í 13. gr. laga um kosningar til Alþingis, komi: svo og kjörræðismenn, ef þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslenzku þjóðerni og mæla á íslenska tungu,

2. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismanns Íslands“, í 65. gr. laga um kosningar til Alþingis, komi: eða kjörræðismanns, er uppfyllir skilyrði 13. gr.,

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.